

Ed.

539. Frumvarp til laga

[233. mál]

um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Hvers konar auglýsingar á tóbaki og tóbaksvarningi eru bannaðar hér á landi.

2. gr.

Bannað er ennfremur að nota neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks og tóbaksvarnings í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vörur eða þjónustu.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að leggja bann við tóbaksreykingum í húsakynnum, sem eru til almenningsnota.

Jafnan skal haft samráð við hlutaðeigandi forráðamenn, eigendur eða stjórnendur, áður en slíkt bann er sett á, en ekki er það skilyrði að þeir samþykki bannið.

Við veitingu heimildar til reksturs langferðabifreiða, flugvéla, farþegaskipa, leigubifreiða og hvers konar annarra farartækja, sem rekin eru gegn gjaldtöku, er heimilt að setja skilyrði um reykingabann að nokkru eða öllu í farartækinu.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa nefnd, sem fær það hlutverk að annast framkvæmd þessara laga svo og aðrar aðgerðir til þess að hamla gegn tóbaksreykingum.

Ákveða skal á fjárlögum ár hvert framlag úr ríkissjóði til reykingavarna.

Heilbrigðisráðherra ákveður um ráðstöfun fjárens.

6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 þús. kr. nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1977. Jafnframt falla þá úr gildi 2. og 3. málsliður 1. mgr. og öll 2. mgr. 7. gr. laga nr. 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59/1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ljós hefur komið að bann það, sem sett var á tóbaksauglýsingar með lögum 59/1971, hefur ekki orðið jafn viðtækt og æskilegt væri. Í skjóli þess, að tekið er fram að auglýsingar séu hannaðar utan dyra, hafa verið uppi auglýsingaherferðir tóbaksframleiðenda í flestum stærri matvöruverslunum landsins. Jafnframt hefur verið leitast við að haga því svo að auglýsingaspjöld sjáist jafnt utan frá sem innan dyra. Efnt hefur verið til samkeppni meðal kaupmanna og vegleg ferðaverðlaun veitt fyrir mesta og besta tóbaksskreytingu búðarinnar.

Þá hafa tóbaksframleiðendur stofnað til skákkeppni í nafni tiltekinnar sígaretttegundar og veitt rifleg peningaverðlaun.

Af þessu er ljóst að þörf er á að setja lög, sem taka af öll tvímæli í þessu efni.

Nokkur Norðurlandanna hafa síðustu árin sett hjá sér lög um tóbaksmál, sem vert er að vekja athygli á.

Hér er um að ræða eftirtalda löggjöf:

Í Noregi: Lög frá 19. mars 1973 um hömlur á sölu tóbaksvarnings o. fl. ásamt reglugerðum um bann við tóbaksauglýsingum og um undantekningar frá því banni. Lögin og reglugerðirnar tóku gildi 1. júlí 1975.

Í Finnlandi: Lög sem samþykkt voru 15. júní 1976 um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum. Lögin tóku gildi 1. mars 1977. Eru þau augljóslega sniðin eftir tóbakslögum norðmanna en talsvert ítarlegri.

Í Svíþjóð: Lög frá 11. desember 1975 um aðvörunartexta og lýsingu á innihaldi tóbaksvarnings og reglugerð um sama efni en fyrirmæli hennar komu til framkvæmda 1. janúar 1977.

Skal nú greint frá helstu ákvæðum þessarar norrænu tóbakslöggjafar um auglýsingabann, aðvaranir og lýsingu á innihaldi, takmarkanir á tóbakssölu og um reyklausa staði.

Auglýsingabann.

Bæði norsku og finnsku tóbakslögin kveða á um bann við auglýsingum á tóbaki og tóbaksvarningi. Á það jafnt við um vörur sem framleiddar eru úr tóbaki — sígarettur, vindla, reyktóbak og neftóbak — og efni og tæki sem eru notuð til reykinga, svo sem reykjarpípur, sigarettupappír og sigarettuvefjara.

Bannaðar eru fyrst og fremst beinar tóbaksauglýsingar en einnig óbeinar, þ. e. notkun tóbaksvarnings í auglýsingum um annan varning eða þjónustu, svo sem það t. d. að sýna reykjandi mann í fataauglýsingu.

Bannið nær bæði til venjulegra auglýsinga og til annars konar starfsemi, sem beint er að neytendum í því skyni að örva sölu á tóbaksvarningi. Þar með telst samkvæmt norsku ákvæðunum fjölmiðlun tilkynninga til almennings, eftirlíkingar, skilti og svipaður búnaður, útstillingar og fleira af því tagi auk dreifingar prentaðs máls, vörusýna o. fl. meðal neytenda.

Undantekningar frá banninu varða einkum rit sem prentuð eru erlendis og eru ekki ætluð til tóbaksauglýsinga fyrst og fremst.

Aðvaranir og lýsing á innihaldi.

Bæði norsku og finnsku tóbakslögin kveða á um skyldu til að merkja umbúðir tóbaksvarnings með aðvörun um þá hættu, sem heilsu manna stafar af varningnum. Í finnsku lögunum eru auk þess ákvæði um skyldu til að rannsaka vörur sem búnar eru til úr tóbaki. Skulu settar reglur um hættuleg efni, sem mega alls ekki vera í tóbaksvörum eða tóbaksreyk og um hámark innihalds af öðrum skaðlegum efnum. Leyfðar tóbaksvörur skulu flokkaðar sem AFAR SKAÐLEGAR eða SKAÐLEGAR eftir því hve mikið er í þeim af efnum eins og tjöru, kolsýringi og nikótini.

Í sænsku reglugerðinni, sem áður var nefnd, eru nákvæmar reglur um aðvaranir og lýsingu innihalds á sigarettuumbúðum og um aðvaranir á umbúðum annars tóbaksvarnings. Merkja skal pakkningar, sem ætlaðar eru til dreifingar til neytenda.

Reglugerðinni fylgja sextán mismunandi aðvörunartextar á sigarettupakka og þrjár sérstakar aðvaranir á annars konar tóbaksvörur. Svíar eru fyrsta þjóðin í heiminum, sem notar marga mismunandi aðvörunartexta og er þess vænst að boðskapurinn komist betur til skila þannig.

Lýsing á innihaldi sigarettureyks skal varða þettað reykefni (tjöru), nikótín og kolsýring í reyknunum af hverri sigarettu í pakkanum og til samanburðar skal greina frá meðalmagni af sömu efnum í þeim sigarettutegundum sem seldar eru í Svíþjóð en meðaltöl þessi ákvarðar heilbrigðisstjórnin árlega eftir upplýsingum frá framleiðendum og innflytjendum. Það tíðkasi ekki enn í öðrum löndum en Svíþjóð að geta um magn kolsýrings í sigarettureyk en nýjar rannsóknir benda til að þetta efni sé jafnvel hættulegra en hin tvö t. d. hvað varðar hjartasjúkdóma og skaðlegar afleiðingar af reykingum kvenna um meðgöngutímann.

Takmarkanir á sölu tóbaksvarnings.

Tóbakslögin norsku og finnsku leggja blátt bann við því að selja börnum yngri en 16 ára tóbaksvarning. Norsku lögin banna einnig að selja þeim eftirlíkingar, sem geta örvað til notkunar tóbaks. Athyglisvert er að löggjafarsamkomur beggja landanna hækkuðu aldursmarkið frá því sem lagt var til í frumvörpunum, þ. e. úr 15 árum í 16 ár.

Þess skal getið að í finnsku lögunum er heimild til smásölu tóbaksvarnings úr sjálfsölum mjög takmörkuð.

Reyklausir staðir.

Finnsku tóbakslögin eru víðtækari en hin norsku einkum að því leyti að þau kveða á um bann við tóbaksreykingum á tilteknum stöðum. Um þetta er fjallað nánar í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með tóbaksvarningi er í lögum þessum átt við sigarettur, vindla, reyktóbak, nef-tóbak, munntóbak, sigarettupappír, reykjarpípur, tæki til að vefja sigarettur svo og hvers konar hliðstæðan varning, sem á markaði er eða fram kann að koma.

Með auglýsingum er m. a. átt við hvers konar fjölmiðlun tilkynninga til almennings með aukna sölu fyrir augum, svo og eftirlíkingar af tóbaksvarningi, skilti og svipaðan búnað, útstillingar og fleira af því tagi, notkun tóbaksvöruheita og auðkenna t. d. í sambandi við ýmis konar mót eða keppni, auk dreifingar prentaðs máls, vörusýna o. fl. meðal neytenda.

Um 2. gr.

Hér er lagt bann við óbeinum auglýsingum á tóbaki og tóbaksvarningi. Slíkur auglýsingamáti er ekki síður hættulegur en hinn beini áróður fyrir tiltekinni tegund tóbaks.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að heilbrigðisráðherra fái heimild til að banna reykingar á tilteknum stöðum. Þessu ákvæði svipar til ákvæða í finnsku tóbakslögunum sem samþykkt voru 15. júní 1976 og tóku gildi hinn 1. mars 1977. Í finnsku lögunum er lagt bann við tóbaksreykingum á tilteknum stöðum:

1. Í þeim hlutum barnaheimila, skóla og annars hliðstæðs húsnæðis sem ætlaðir eru börnum á eða undir skólaskyldualdri.
2. Á opinberum samkomum innan húss fyrir börn eða unglinga á sama aldurskeiði.
3. Í móttökkuherbergjum, biðstofum eða samkomuherbergjum, sem almenningur hefur aðgang að í húsakynnum á vegum embættis eða yfirvalds eða í samsvarandi opinberu húsnæði.
4. Í almenningsfarartækjum. Eigendum er þó heimilt að leyfa reykingar í hluta farartækis, sem sérstaklega er til tekinn.

Umráðamenn opinberra húsakynna geta sjálfir kveðið á um enn frekara bann við reykingum og takmörkun þeirra þannig að áhrif hafi að lögum.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða síðasta málslið 7. gr. laga 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Með lögum 59/1971 var sú skylda lögð á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, að verja 0.2% af brúttósölu tóbaks til þess að standa undir kostnaði við að auglýsa skaðsemi tóbaks og til að vara við hættu af tóbaksreykingum. Skyldi þetta gert í samráði við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

Í framhaldi af þessu setti Á. T. V. R. á stofn þriggja manna „Samstarfsnefnd um reykingavarnir“ með einum fulltrúa frá Á. T. V. R., Hjartavernd og Krabbameinsfélagi Íslands. Samstarfsnefndin hefur unnið gott starf s. l. fimm ár. Sum árin hefur starfið þó að verulegu leyti legið niðri vegna fjárskorts og hefur þá verið safnað í sjóð til stærri átaka.

Úr þessu verður að bæta með auknu framlagi til þessarar baráttu.

Þá er ennfremur lagt til að samstarfsnefndin verði nú skipuð af heilbrigðisráðherra, en ekki af Á. T. V. R., og að fela megri henni meiri verkefni á þessu sviði, sbr. t. d. þingsályktunartillögu um reykingavarnir, sem samþykkt var á Alþingi 26. febrúar 1976.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.